

Notkunarleiðbeiningar

Práðlaus hitaskynjari með tímarofa
1186 ..

GIRA

Efnisyfirlit

Um þessar leiðbeiningar	2
Hvernig þráðlausir hitaskynjarinn virkar	2
Venjuleg skjámynd	3
Grundvallaratriði um notkun þráðlausa hitaskynjarans	3
Upplýsingar á skjá og hnappar	3
Þráðlausir hitaskynjarinn tekinn í notkun	4
Kynditíminn lengdur (veislukynding)	4
Veislukyndingu hætt	4
Skipt yfir á næturhita (sparhnappur)	5
Skipt yfir á næturhita í skamman tíma	5
Skipt yfir á næturhita í lengri tíma	5
Stíllt af næturhita	5
Hitastigið stíllt eftir þörfum	5
Skipt aftur yfir á tímastillingu	6
Hnökkur læst	6
Stillingar í stillingavalmynd	6
Hvernig valmyndaratriði eru opnuð í stillingavalmynd	6
Stilling á tíma og dagsetningu – valmyndaratriðið Uhr	6
Hitastigsþrepum breytt – valmyndaratriðið tEMP	7
Tímastillingu breytt – valmyndaratriðið ProG	8
Orlofsstillingu breytt – valmyndaratriðið UrLb	11
Kveikt/slökkt á frostvörn – valmyndaratriðið FrSt	12
Þráðlausri tengingu komið á – valmyndaratriðið LErn	13
Þráðlausir hitaskynjarinn þrífinn	13

Um þessar leiðbeiningar

Í þessum leiðbeiningum koma fyrir eftirfarandi tákni og merkingar:

1. Leiðbeiningar um aðgerðir eru í númeraröð.
 - 3 Niðurstöður aðgerða eru auðkenndar með þessu haki.
- Upptalningar eru auðkenndar með þessum punkti.



Athugið!

Ábendingar um hagkvæma notkun þráðlausa hitaskynjarans eru auðkenndar með þessu tákni.




Notkun með þráðlausri stjórnstöð

Upplýsingar um breytingar á virkni þráðlausa hitaskynjarans þegar hann er notaður ásamt þráðlausri stjórnstöð.

Hvernig þráðlausir hitaskynjarinn virkar

Þráðlausir hitaskynjarinn vinnur með svipuðum hætti og tímarofi, þ.e. á innstilltum tímum stjórnar hann þremur mismunandi hitastillingum fyrir kyndinguna:

- **Daghitinn** er yfirleitt notaður yfir daginn, þ.e. þegar notandinn er á staðnum.
- **Næturhitinn** er yfirleitt notaður á nóttunni. Einnig er talað um sparhita í þessu samhengi.
- **Frostvarnarhitinn** er yfirleitt notaður þegar um lengri fjarveru er að ræða (t.d. fri). Hitastigið er þá rétt nægilega hátt til þess að ekki frjósi á kerfinu.



Grundvallaratriði um notkun þráðlausa hitaskynjarans

Hnapparnir + og - eru notaðir til þess að stilla gildi á borð við klukkuna og hitastigið.

Stillingar eru staðfestar með hnappinum S.

Ef ekki er stutt á hnappinn S að lokinni stillingu er skipt sjálfkrafa yfir á venjulega skjámynd 1 mínútu eftir að síðast er stutt á hnapp. Breytingar á stillingum taka þá ekki gildi.

Með hnappinum P er hvenær sem er hægt að fara aftur í venjulega tímastillingu.

Upplýsingar á skjá og hnappar

- ① Hér kemur vikudagurinn fram.
- ② Tákn fyrir vinnslumátann "Tímastilling".
- ③ Tákn fyrir vinnslumátann "Daghiti".
- ④ Tákn fyrir vinnslumátann "Næturhiti".
- ⑤ Tákn fyrir vinnslumátann "Frostvarnarhiti".
- ⑥ Hér er vinnslumátinn sem er í notkun auðkenndur með þríhyrningum.
- ⑦ Hér koma fram sviðin sem stillt er á fyrir daghita með tímastillingu.
- ⑧ Hnappurinn - eða , einnig kallaður sparhnappur.
- ⑨ Hnappurinn P.
- ⑩ Hnappurinn S.
- ⑪ Hnappurinn + eða , einnig kallaður veisluhnappur.
- ⑫ Hér er klukkan.
Hægt er að láta þann sem setur búnaðinn upp breyta þessum reit þannig að hann sýni til dæmis hitastigið.
- ⑬ Hér koma fram nánari upplýsingar um stillingarnar sem gerðar eru: t.d. H, þegar verið er að stilla klukkuna.

Þráðlausi hitaskynjarinn tekinn í notkun

Þegar kveikt er á þráðlausa hitaskynjaranum í fyrsta skipti eða þegar slökkt hefur verið á honum í lengri tíma, t.d. vegna rafmagnsleysis, fer þráðlausi hitaskynjarinn sjálfkrafa í stillingu klukkunnar. Hér verður að stilla klukkuna rétt.

(Hægt er að breyta þessari stillingu síðar --> nánari upplýsingar er að finna í "Stilling á tíma og dagsetningu – valmyndaratriðið Uhr" á síðu 6).

3 Klukkustundirnar blikka

1. Styðjið á hnappana + eða - þar til stillt hefur verið á rétta klukkustund.



Snið klukku

Klukkan getur verið með venjulegu 24 tíma sniði (0H...23H) eða með bandaríska 12 tíma sniðinu sem sýnir tímann fyrir hádegi (12AM...11AM) og eftir hádegi (12PM...11PM). Þegar klukkan er stillt kemur 24 tíma sniðið fyrst og svo AM-/PM-sniðið. Allt eftir því hvaða snið er valið með S verður klukkan með 24 tíma sniði eða AM-/PM-sniði.

2. Styðjið á hnappinn S.


- 3 Klukkustundirnar hafa þá verið stilltar og mínúturnar blikka.

3. Þarf nú að færa inn allar frekari upplýsingar með sama hætti:

- Mínútur
- Ár
- Mánuður
- Dagur

4. Staðfestið valið með hnappinum S.

- 3 Eftir síðustu staðfestingu með S er farið sjálfkrafa aftur í venjulegu skjámyndina.



Kynditíminn lengdur (veislukynding)

Hægt er að framlengja eða stilla á kyndingu með daghita eftir þörfum – er þá talað um veislukyndingu. Þessi framlenging er aðeins gerð einu sinni; að henni lokinni heldur tímastillingin áfram með venjulegum hætti.



Athugið!

Hægt er að framlengja kynditímann um allt að fjórar klukkustundir. Auk þess er hægt að endurtaka þessa framlengingu eins oft og óskað er.

1. Styðjið á hnappinn ☒.

- 3 Í hvert sinn sem stutt er á hnappinn er kynding með daghita framlengd um 1 klukkustund (talið er niður frá því að stutt er á hnappinn).

Neðst á skjánum blikkar tímabilið sem stillt var á með veislukyndingunni.

- 3 Ef ekki er stutt á hnapp í nokkrar sekúndur er farið aftur í venjulega skjámynd.

Neðst á skjánum blikkar tímabilið sem stillt var á með veislukyndingunni.



Veislukyndingu hætt

Hægt er að stöðva veislukyndinguna með eftirfarandi hætti:

1. Styðjið á hnappinn P til þess að hætta veislukyndingu.
- 3 Þráðlausi hitaskynjarinn fer þá aftur í venjulega tímastillingu.

Skipt yfir á næturhita (sparhnappur)

Með sparhnappinum er hægt að stilla á næturhita fyrir fjarveru í skemmri tíma.

Skipt yfir á næturhita í skamman tíma

1. Styðjið á hnappinn  í minna en 5 sekúndur.
3. Þráðlausi hitaskynjarinn stillir þá yfir á næturhita. Vinnslumátinn "Næturhiti" kemur fram á skjánum.



Verður þá kynt með þessu hitastigi þar til næsta skipting fer fram samkvæmt tímastillingu.



Ábending vegna næturhita

Nota skal þennan möguleika á meðan verið er að lofta út. Þegar lokið hefur verið við að lofta út skal setja aftur á tímastillingu með því að styðja á hnappinn P.

Skipt yfir á næturhita í lengri tíma

1. Haldið hnappinum  inni í meira en 5 sekúndur.
3. Þráðlausi hitaskynjarinn stillir þá **varanlega** á næturhita. Táknid fyrir næturhita kemur þá á skjáinn en tímastillingin fer af skjánum.



Er þá kynt með þessum hætti þar til aftur er stillt af næturhita.

Tekið af næturhita

Hægt er að stilla af næturhita hvenær sem er:

1. Styðjið á hnappinn P til þess að stilla af næturhita.
3. Þráðlausi hitaskynjarinn fer þá aftur í venjulega tímastillingu.

Hitastigið stillt eftir þörfum




Hliðrun óskgildis

Þegar notuð er þráðlaus stjórnstöð er óskgildinu hliðrað um $\pm 3\text{ K}$ í þessu valmyndaratríði.

Notendur geta breytt hitastigi tímastillingar eftir þörfum hverju sinni.

1. Styðjið á hnappinn S.
3. Hitastigið sem stillt er á blikkar.
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að stilla hitastigið eftir eigin óskum.
3. Styðjið á hnappinn S til þess að staðfesta stillinguna á hitastigi.
3. Þráðlausi hitaskynjarinn fer aftur í venjulega skjámynd og kyndir með þessari stillingu á hitastigi þar til næsta skipting fer fram samkvæmt tímastillingu. Á meðan kynt er samkvæmt stillingu notanda á hitastigi er enginn vinnslumáti (daghiti, næturhiti, frostvörn) á skjánum, þar sem hitastig þeirra er ekki í gildi.



Athugið

Ef ekki er stutt á hnappinn S er skipt aftur yfir í venjulega skjámynd að 5 sekúndum liðnum. Breytingar sem gerðar hafa verið á hitastillingu taka þá ekki gildi.

Skipt aftur yfir á tímastillingu

Hægt er að skipta af notendastillingu yfir á tímastillingu hvenær sem er:

1. Styðjið á hnappinn P til þess að stilla af notendastillingu.
3. Þráðlaus hitaskynjarinn fer þá aftur í venjulega tímastillingu.

Hnöppum læst

Hægt er að læsa hnöppum þráðlausa hitaskynjarans í venjulegu skjámyndinni til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að beita þeim í ógáti eða leyfisleysi.

Hnöppunum læst

1. Haldið hnöppunum S og - inni í meira en 5 sekúndur.
3. Þegar hnappalæsingin er á kemur "-- --" á skjáinn í hvert sinn sem stutt er á hnapp, til þess að sýna að ekki sé hægt að framkvæma viðkomandi aðgerð.



Hnapparnir teknir úr lás

1. Haldið hnöppunum S og - inni í meira en 5 sekúndur.
3. Á meðan verið er að taka hnappana úr lás birtist "-- --" á skjánum í 5 sekúndur. Þegar hnappalæsingin hefur verið tekin af kemur venjulega skjámyndin aftur á skjáinn og hægt er að sleppa hnöppunum.

Stillingar í stillingavalmynd

Hægt er að breyta eftirfarandi stillingum í valmyndinni:

- Tíma og dagsetningu (valmyndaratriðið **Uhr**)
- Hitastigsþrepum (valmyndaratriðið **tEmP**)*
- Tímastillingum (valmyndaratriðið **ProG**)*
- Orlofsstillingu (valmyndaratriðið **UrLb**)*
- Frostvörn (valmyndaratriðið **FrSt**)*
- Þráðlausri tengingu komið á (valmyndaratriðið **LErn**)

*Valmyndaratriðið er óvirkt þegar notuð er þráðlaus stjórnstöð.

Hvernig valmyndaratriði eru opnuð í stillingavalmynd

Það er sama hvaða stillingu á að breyta, atriðin í stillingavalmynd eru öll opnuð með eftirfarandi hætti:

1. Til þess að opna stillingavalmyndina skal halda hnappinum P inni í a.m.k. 5 sekúndur í venjulegu skjámyndinni.
2. Styðjið á hnappana + eða -, til þess að fara að tilteknu atriði í valmyndinni. Í dæminu hér til hliðar sést fyrsta valmyndaratriðið, klukkan.
3. Styðjið á hnappinn S til þess að velja viðkomandi valmyndaratriði.



Stilling á tíma og dagsetningu – valmyndaratriðið Uhr

Hægt er að breyta stillingu tíma og dagsetningar eftir þörfum.



Athugið!

Klukkan er hönnuð sem vikutímarofi og gengur áfram í að minnsta kosti fjórar klukkustundir ef rafmagnnið fer af.

Skipt er sjálfkrafa á milli sumar- og vetrartíma.

Innbyggða dagatalið tekur sjálfkrafa tillit til hlaupára.

Dagsetningin og klukkan eru stilltar með eftirfarandi hætti:


1. Opnið atriðið **Uhr** í stillingavalmyndinni (sjá hér að ofan).
3. Klukkustundirnar blikka.
2. Styðjið á hnappana + eða - þar til stillt hefur verið á rétta klukkustund.



Snið klukku

Klukkan getur verið með venjulegu 24 tíma sniði eða með bandaríska sniðinu (AM/PM). Nánari upplýsingar um þetta atriði er að finna á bls. 4.

3. Styðjið á hnappinn S.
3. Klukkustundirnar hafa þá verið stilltar og mínúturnar blikka.
4. Gerið hinar stillingarnar með sama hætti, þ.e.:



- Mínútur – klukkan er stillt eftir að staðfest er með S
- Ár
- Mánuður
- Dagur



Ekki þarf að stilla dagsetninguna!

Ef dagsetningin hefur þegar verið rétt stillt er hægt að loka stillingunni hér með hnappinum P.

5. Staðfestið valið með hnappinum S.
3. Eftir síðustu staðfestingu með S er farið sjálfkrafa aftur í stillingavalmyndina.
6. Styðjið á hnappinn P til þess að fara aftur í venjulegu skjámyndina.

Hitastigsprepum breytt – valmyndaratriðið tEMP



Eiginleiki óvirkur

Þessi eiginleiki er óvirkur þegar þráðlaus stjórnstöð er notuð. Óskhitastigið er þá fært inn miðlægt í þráðlausu stjórnstöðinni.

Í valmyndaratriðinu **tEMP** er hægt að breyta eftirfarandi hitastigsprepum:

- Daghita (forstillingin er 21,0 °C)
- Næturhita (forstillingin er 18,0 °C)
- Frostvarnarhita (forstillingin er 10,0 °C)




Hitastig frostvarnar athugað

Í valmyndaratriðinu "Frostvörn" er hægt að skoða hitastig frostvarnar aftur og stilla það. Ef frostvarnarhitanum er breytt í einhverju valmyndaratriðanna hefur það bein áhrif á næsta valmyndaratriði. Aðeins eitt frostvarnarhitastig getur verið í gildi á þráðlausu hitaskynjaranum!

Hitastigsþrepunum er breytt með eftirfarandi hætti:

1. Opnið atriðið **tEMP** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
3. Stillingin á daghita blikkar. Auk þess blikkar táknið fyrir vinnslumátann hægra megin á skjánum.
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að stilla hitastigið.
3. Staðfestið valið með hnappinum S.
3. Skjárinn sýnir þá sjálfkrafa næsta hitastigsþrep, næturhitann.
4. Næturhitinn og frostvarnarhitinn eru stilltir með sama hætti.
3. Eftir síðustu staðfestingu með S er farið sjálfkrafa aftur í stillingavalmyndina.
5. Styðjið á hnappinn P til þess að fara aftur í venjulegu skjámyndina.



Stillingu hitastigsþrepa hætt:

1. Styðjið á hnappinn P til þess að hætta stillingu hitastigsþrepa.
3. Er þá farið sjálfkrafa aftur í stillingavalmyndina. Þær breytingar sem síðast voru gerðar á hitastigsþrepi verða ekki vistaðar.
2. Styðjið á hnappinn P til þess að fara aftur í venjulegu skjámyndina.

Tímastillingum breytt – valmyndaratriðið ProG



Eiginleiki óvirkur

Þessi eiginleiki er óvirkur þegar þráðlaus stjórnstöð er notuð. Þráðlaus stjórnstöðin stjórnar þá tímastillingum miðlægt.

Í valmyndaratriðinu **ProG** er hægt að breyta tímastillingum þráðlausa hitaskynjarans. 32 tímastillingar standa til boða. Með hverri tímastillingu er ákvarðaður tímapunktur innan viku þar sem skipt er á milli dag- og næturhita. Hægt er að breyta tímastillingunum í 10 mínútna skrefum.

Tímastilling frá verksmiðju er eftirfarandi:

Vikudagar	Tímabil
Mánudagur til föstudags	6:00 – 22:00 daghiti
Laugardagur, sunnudagur	6:00 – 23:00 daghiti

Hægt er að breyta þessum stillingum eða bæta við þær eftir þörfum.

Tímastillingar skoðaðar

1. Opnið atriðið **ProG** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
3. Fyrsta tímastillingin er þá sýnd.
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að skoða fleiri tímastillingar.
3. Tímastillingarnar eru í tímaröð frá kl. 0:00 á mánudegi til kl. 23:59 á sunnudegi.
3. Ef að minnsta kosti ein tímastilling stendur enn til boða, er hún aftast í listanum.



Tímastillingu breytt

1. Opnið atriðið **ProG** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að fara að viðkomandi tímastillingu.
3. Farið að tímastillingunni sem á að breyta og styðjið á hnappinn S.

- 3 Tímastillingin er opnuð til þess að hægt sé að breyta henni og klukkustundirnar blikka.



4. Styðjið á hnappana + eða - til þess að breyta klukkustundunum.
5. Staðfestið valið með hnappinum S.
6. Gerið hinar stillingarar með sama hætti, þ.e.:
 - Mínútur
 - Dagur – hér er fyrst boðið upp á hvern vikudag fyrir sig frá mánudegi til sunnudags, en svo flokkanirnar lau-sun, mán-fös, mán-lau og mán-sun.
 - Dag- eða næturhiti



Flokkun daga

Ef valinn er flokkur daga er sérstakt stillingaratriði með tilgreindum tíma og hitastigsþrepi vistað fyrir hvern dag sem valinn er í flokkinum. Ekki er hægt að gera breytingar á flokkinum í heild, heldur eingöngu á einstaka stillingaratriðum. Í sumum tilvikum getur því verið ráðlegt að eyða út öllum tímastillingum og færa svo inn nýja flokkun á dögum.

7. Staðfestið valið með hnappinum S.
- 3 Eftir síðustu staðfestingu með S er breytta tímastillingin vistuð og næsta tímastilling í röðinni sýnd.

Tímastillingu eytt

1. Opnið atriðið **ProG** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að fara að viðkomandi tímastillingu.
3. Haldið hnöppunum + og - inni í meira en 5 sekúndur.
- 3 Tímastillingunni er þá eytt varanlega og næsta tímastilling í röðinni er sýnd.

Öllum tímastillingum eytt

Hægt er að nota þennan möguleika til þess að eyða öllum tímastillingum úr minninu. Það getur til dæmis komið í góðar þarfir þegar breyta á öllum tímastillingunum eins og þær leggja sig og of tímafrekt væri að eyða hverju stillingaratriði fyrir sig.

1. Opnið atriðið **ProG** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
2. Veljið einhverja tímastillingu með hnöppunum + og -.
3. Haldið hnöppunum + og - inni í meira en 10 sekúndur.
- 3 Öllum tímastillingum er þá eytt varanlega úr minninu og á skjánum birtist tómst stillingaratriði með "--:--".



Athugið


Þegar þetta er gert er tímastillingum frá verksmiðju einnig eytt. Hægt er að endurheimta þessar stillingar með endurstillingu (Reset).

Nýrri tímastillingu bætt við

1. Opnið atriðið **ProG** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að fara að tömu tímastillingunni.
3. Staðfestið valið með hnappinum S.

Er þá hægt að færa inn allar stillingar fyrir nýja tímastillingu:

3. Nýja tímastillingin er opnuð þannig að hægt er að breyta henni og klukkustundirnar blikka.
4. Styðjið á hnappana + eða - til þess að breyta klukkustundunum.
5. Staðfestið valið með hnappinum S.
6. Gerið hinar stillingarnar með sama hætti, þ.e.:
 - Mínútur
 - Dagur – hér er fyrst boðið upp á hvern vikudag fyrir sig frá mánudegi til sunnudags, en svo flokkanirnar lau-sun, mán-fös, mán-lau og mán-sun.
 - Dag- eða næturhiti



Flokkun daga

Ef valinn er flokkur daga er sérstök tímastilling með tilgreindum tíma og hitastigsprepi vistuð fyrir hvern dag sem valinn er í flokkinum. Ekki er hægt að gera breytingar á flokkinum í heild, heldur aðeins á einstaka tímastillingum. Í sumum tilvikum getur því verið ráðlegt að eyða út öllum tímastillingum og færa svo inn nýja flokkun á dögum.

7. Staðfestið valið með hnappinum S.
3. Eftir síðustu staðfestingu með S er breytta tímastillingin vistuð og næsta tímastilling í röðinni sýnd.

Hætt við breytingar á tímastillingu

Hægt er að **hætta** við breytingar á tímastillingu ef ekki er opin tímastilling til þess að breyta.

1. Það er gert með því að styðja á hnappinn P.
3. Er þá farið sjálfkrafa aftur í stillingavalmyndina. Virka tímastillingin, sem var sýnd fyrir stillinguna, er ekki vistuð.
2. Styðjið á hnappinn P til þess að fara aftur í venjulegu skjámyndina.

Nánari upplýsingar um hvernig tímastillingar eru færðar inn

- Ekki er hægt að bæta við tímastillingum ef allar tímastillingarnar eru þegar í notkun.
- Ef stíltur er inn flokkur daga og ekki eru nægilega margar tímastillingar lausar, birtist textinn **FULL** á skjánum ásamt upplýsingum um hversu margar tímastillingar eru enn lausar. Hér verður notandinn sjálfur að ákveða hvort rýma eigi til fyrir þeim tímastillingum sem upp á vantar eða hvort færa eigi tímastillinguna inn með öðrum hætti, fyrir tiltekna daga.
- Ef dagaflokkur nær yfir tímastillingu sem þegar er fyrir hendi er skrifað ofan í viðkomandi tímastillingu án fyrirvara.
- Ef ný tímastilling er færð inn fyrir sama tíma og tímastilling sem fyrir er, er skrifað ofan í gömlu tímastillinguna án fyrirvara.
- Ef fyrirbyggjandi tímastillingu er breytt og hún færð yfir á tíma sem önnur tímastilling nær þegar yfir, er skrifað ofan í síðarnefndu tímastillinguna án fyrirvara.
- Tímastillingar sem er ofaukið (þ.e. þær tímastillingar sem breyta ekki hitastigsprepi) eru ekki greindar eða fjarlægðar sjálfkrafa. Notandinn verður að finna þessar tímastillingar sjálfur og eyða þeim úr minninu ef fleiri tímastillingar vantar.

Orlofsstillingu breytt – valmyndaratriðið UrLb



Eiginleiki óvirkur

Þessi eiginleiki er óvirkur þegar þráðlaus stjórnstöð er notuð. Þráðlaus stjórnstöðin stjórnar þá orlofsstillingum miðlægt.

Í valmyndaratriðinu **UrLb** er hægt að færa inn orlofsstillingu. Hér færir notandi inn upphafs- og lokadagsetningu fjarveru sinnar. Á þessu tímabili er kynt með stöðugu hitastigsþrepi sem notandinn velur. Að orlofstímanum liðnum er orlofsstillingunni sjálfkrafa eytt úr minni til þess að hún verði ekki endurtekin að ári.

Orlofstímabil stillt

1. Opnið atriðið **UrLb** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).


3. Þegar valmyndaratriðið **UrLb** er opnað birtist "--.--" á skjánum ef orlofstímabil hefur enn ekki verið fært inn.



2. Styðjið á hnappinn S til þess að færa inn orlofstímabil.

3. Dagsetningin þann daginn er sjálfkrafa valin sem upphaf orlofs.

Hægt er að breyta þessari dagsetningu:



3. Mánuðurinn blikkar.

3. Styðjið á hnappana + eða - til þess að stilla mánuðinn.

4. Staðfestið valið með hnappinum S.

3. Dagurinn byrjar þá að blikka.

5. Styðjið á hnappana + eða - til þess að stilla daginn.

6. Styðjið aftur á hnappinn S.

3. Skjárin skiptir þá yfir í lok orlofsins.

3. Mánuðurinn blikkar.

7. Stillið lok orlofsins (mánuð og dag) með sama hætti og upphaf þess.

8. Staðfestið valið með hnappinum S.

3. Tákníð fyrir vinnslumátann blikkar.


9. Styðjið á hnappana + eða - til þess að velja hitastigsþrepið (daghita, næturhita eða frostvarnarhita) sem á að viðhalda meðan á orlofinu stendur.

10. Staðfestið valið með hnappinum S.

3. Eftir síðustu staðfestingu með S er farið sjálfkrafa aftur í stillingavalmyndina.

11. Styðjið á hnappinn P og þráðlausi hitaskynjarinn fer aftur í venjulegu skjámyndina.

3. Skipt er um hitastigsþrep klukkan 0:00 á fyrsta orlofsdeginum (samkvæmt dagsetningunni sem stillt er inn á hitaskynjaranum).
Skjámyndin breytist og sýnir lokadag orlofs.



Rád vegna orlofsstillingar

Þegar um lengri fjarveru er að ræða og kalt er í veðri ætti að láta orlofsstillingunni ljúka degi áður en orlofinu lýkur til þess að hægt sé að kynda íbúðina nægilega vel áður en heim er komið.

Orlofstímabili eytt

1. Opnið valmyndaratriðið **UrLb**.

2. Haldið hnöppunum + og - inni í meira en 3 sekúndur til þess að eyða tilteknu orlofstímabili að öllu leyti úr minninu.

3. Þráðlausi hitaskynjarinn fer aftur í stillingavalmynd.

3. Styðjið á hnappinn P og þráðlausi hitaskynjarinn fer aftur í venjulegu skjámyndina.

Kveikt/slökkt á frostvörn – valmyndaratriðið FrSt



Eiginleiki óvirkur

Þessi eiginleiki er óvirkur þegar þráðlaus stjórnstöð er notuð. Þráðlausa stjórnstöðin stjórnar þá frostvörninni miðlægt.


Hér er hægt að virkja frostvörnina varanlega.



Frostvarnarhiti

Aðeins er hægt að stilla frostvarnarhitann á bilinu +5 °C til +15 °C.

1. Opnið atriðið **FrSt** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
3. Innstillti frostvarnarhitinn blikkar. Auk þess blikkar samsvarandi tákn fyrir vinnslumátann hægra megin á skjánum.
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að stilla frostvarnarhitann.
3. Staðfestið valið með hnappinum S.



Frostvarnarhitanum breytt

Ef frostvarnarhitanum er breytt hefur það einnig áhrif á frostvarnarhitann sem stilltur er undir "Hitastigsþrepum breytt" (sjá bls. 7).

- 3 Á skjánum birtist **On** eða **OFF**.


4. Styðjið á hnappinn + til þess að kveikja á frostvörninni (**On**) eða á hnappinn - til þess að slökkva á frostvörninni (**OFF**).

5. Styðjið á hnappinn S.

- 3 Frostvörnin verður þá virk eða óvirk og skjárinn skiptir aftur yfir í stillingavalmyndina.

6. Styðjið á hnappinn P og þráðlausi hitaskynjarinn fer aftur í venjulegu skjámyndina.

- 3 Þegar slökkt er á frostvörninni er herbergishitastillirinn stilltur varanlega á næturhita.



Farið er aftur í venjulega tímastillingu með eftirfarandi hætti:

1. Til þess að opna stillingavalmyndina skal halda hnappinum P inni í a.m.k. 5 sekúndur í venjulegu skjámyndinni.
2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að fara að valmyndaratriðinu **ProG**.
3. Styðjið á hnappinn S til þess að velja valmyndaratriðið **ProG**.
4. Styðjið á hnappinn P til þess að gera venjulegu tímastillinguna aftur virka.

Þráðlausri tengingu komið á – valmyndaratriðið LERn

Til þess að tengja þráðlausa stýrimótora eða þráðlausa stjórnstöð við þráðlausa hitaskynjarann skal gera eftirfarandi:

1. Opnið atriðið **LERn** í stillingavalmyndinni (sjá bls. 6).
2. Setjið allan búnaðinn sem á að tengja í forritunarstillingu.
3. Stydjið á hnappinn **S** á þráðlausa hitaskynjaranum til þess að hefja tenginguna.
3. Á meðan tengingin fer fram blikkar **LERn** á skjánum.
3. Að um 5 sekúndum liðnum fer þráðlausi hitaskynjarinn beint aftur í venjulega skjámynd.



Fleiri en einn þráðlaus stýrimótor tengdur

Ef tengja á fleiri en einn þráðlausan stýrimótor við þráðlausa hitaskynjarann verður að setja alla stýrimótorana í tengistillingu áður en tengingin er sett af stað á hitaskynjaranum.

Þráðlausri tengingu eytt

Þráðlausu tengingunni er annað hvort eytt

- á þráðlausa stýrimótornum (sjá notkunarleiðbeiningar með þráðlausa stýrimótornum) eða
- með því að koma þráðlausu tengingunni á aftur.

Þráðlausi hitaskynjarinn þrífinn

1. Aðeins má nota rakan klút til þess að þurrka af þráðlausa hitaskynjaranum utanverðum.
2. Ekki má nota hreinsiefni þar sem þau geta valdið skemmdum á ytra byrði hitaskynjarans.

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni:

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Service Center

Dahlienstraße 12

D-42477 Radevormwald

Gira

Giersiepen GmbH & Co. KG

Postfach 1220

D-42461 Radevormwald

Sími: +49 (0) 2195 / 602 - 0

Fax: +49 (0) 2195 / 602 - 339

Vefslóð: www.gira.com

GIRA

Leiðbeiningar um uppsetningu og gangsetningu
fyrir rafvirkja

Þráðlaus hitaskynjari með tímarofa
1186 ..

GIRA

Efnisyfirlit

Um þessar leiðbeiningar	15
Virkni	15
Uppsetning	16
Upplýsingar um uppsetningu og öryggi	16
Uppsetning	16
Rafmagnstenging	16
Röng grunneining	16
Þráðlausri tengingu komið á – valmyndaratriðið LErn	17
Þráðlausri tengingu eytt	17
Gangsetning (grunnstilling)	17
Venjuleg skjámynd (n)	18
Vinnslumáti (b)	19
Jöfnun nema (o)	19
Bestun kyndingar (E)	19
Stigull fyrir bestun kyndingar (r)	20
Sumartímastýring (S)	20
Gangnákvæmni (U)	20
Hugbúnaðarútgáfa (-)	20
Allar stillingar endurstilltar (Reset)	20
Tæknilýsing	21
Upplýsingar um þráðlausa notkun	21
Þráðlausar sendingar	21
Ábyrgð	22

Um þessar leiðbeiningar

Í þessum leiðbeiningum koma fyrir eftirfarandi tákn og merkingar:

1. Leiðbeiningar um aðgerðir eru í númeraröð.
 3. Niðurstöður aðgerða eru auðkenndar með þessu haki.
- Upptalningar eru auðkenndar með þessum punkti.



Athugið!

Ábendingar um hagkvæma notkun þráðlausa hitaskynjarans eru auðkenndar með þessu tákn.



Athugið

Ábendingar um atriði sem valdið geta slysum eða skemmdum á búnaðinum eru auðkenndar með þessu tákn.



Notkun með þráðlausri stjórnstöð

Upplýsingar um breytingar á virkni þráðlausa hitaskynjarans þegar hann er notaður ásamt þráðlausri stjórnstöð.

Virkni

Þráðlaus hitaskynjarinn er rafrænn stýribúnaður með innbyggðum tímarofa sem stjórnar kyndingu í hverju herbergi íbúðar- eða skrifstofuhúsnaðis út frá hitastigi og/eða tímastillingum. Innbyggður þráðlaus sendir miðlar upplýsingum um herbergishita, óskhitastig og hitastigsprep hverju sinni til þráðlausrar stjórnstöðvar eða beint til stýrimótora.

Hitastigið er mælt með innbyggðum hitanema.

Uppsetning

Upplýsingar um uppsetningu og öryggi



Athugið

Eingöngu rafvirkjum er heimilt að annast ísetningu og uppsetningu raftækja.

Þráðlausi hitaskynjarinn er hannaður fyrir uppsetningu í vegg. Hann samanstendur af tveimur einingum:

- Innfelldu grunneiningunni sem hefur að geyma aflrafeindabúnaðinn, þráðlausa sendinn og tengin (fyrir innfellda dós).
- Utanálíggjandi stillinum með stjórnbúnaðinum, sem stungið er á innfelldu grunneininguna.



Athugið

Mistök við tengingu geta leitt til skemmda á hitastillinum! Ekki er veitt ábyrgð vegna skemmda sem rekja má til rangrar tengingar og/eða óviðeigandi meðferðar!

- Áður en unnið er með þráðlausa hitaskynjarann skal taka strauminn af honum og koma í veg fyrir að hægt sé að setja strauminn aftur á!
- Aðeins má tengja þráðlausa hitaskynjarann við fastar lagnir í lokuðu og þurru rými.
- Leiðslur sem veituspenna er á (raftenging) mega ekki komast í snertingu við leiðslur sem lágspenna er á, s.s. leiðslur nema (lágmarksfjarlægð er 4 mm þegar um leiðara með grunneinangrun er að ræða).
- Ef þráðlausi hitaskynjarinn virkar ekki að lokinni uppsetningu skal fyrst ganga úr skugga um að hann sé rétt tengdur og að spennugjafinn sé í lagi.


Uppsetning

Þráðlausi hitaskynjarinn er settur upp í innfelldum dósum. Til þess að búnaðurinn virki sem best skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- Ákjósanleg uppsetningarhæð er 1,50 m.
- Setjið þráðlausa hitaskynjarann ekki upp á stöðum þar sem sól skín beint á hann eða þar sem er dragsúgur eða annað forhitað loft (s.s. yfir rafmagnshellum og kælskápum eða þar sem bein hitageislun er frá ofnum), því hitinn hefur áhrif á starfsemi hitastillisins.
- Notið þráðlausa hitaskynjarann ekki í sömu einingum og önnur rafmagnstæki, t.d. ljósdeyfar, þar sem þau geta gefið frá sér hita og haft þannig áhrif á hitaskynjarann.

Rafmagnstenging

Tengið fæðispennuna (230 V, 50 Hz) við tengiklemmur L og N.



Röng grunneining

Á utanálíggjandi einingu þráðlausa hitaskynjarans er búnaður sem kemur í veg fyrir að hægt sé að setja hana á innfellda grunneiningu Gira gardínustýringar í ógáti. Ef um ranga grunneiningu er að ræða blikkar textinn **FAIL** á skjá þráðlausa hitaskynjarans.

Þráðlausri tengingu komið á – valmyndaratríðið LErn

- Til þess að tengja þráðlausan stýrimótora eða þráðlausan stjórnstöð við þráðlausan hitaskynjarann skal gera eftirfarandi:
1. Til þess að opna stillingavalmyndina skal halda hnappinum P inni í a.m.k. 5 sekúndur í venjulegu skjámyndinni.
 2. Styðjið á hnappana + eða - til þess að fara að valmyndaratríðinu LErn.
 3. Setjið allan búnaðinn sem á að tengja í forritunarstillingu. Sjá notkunarleiðbeiningar með þráðlausan móttakaranum.
 4. Styðjið á hnappinn S á þráðlausan hitaskynjaranum til þess að hefja tenginguna.
 - 3 Á meðan tengingin fer fram blikkar LErn á skjánum.
 - 3 Að um 5 sekúndum liðnum fer þráðlausan hitaskynjarinn beint aftur í venjulega skjámynd.



i

Fleiri en einn þráðlaus stýrimótor tengdur

Ef tengja á fleiri en einn þráðlausan stýrimótor við þráðlausan hitaskynjarann verður að setja alla stýrimótorana í tengistillingu áður en tengingin er sett af stað á hitaskynjaranum.

Þráðlausri tengingu eytt

- Þráðlausu tengingunni er annað hvort eytt
- á þráðlausan stýrimótornum (sjá notkunarleiðbeiningar með þráðlausan stýrimótornum) eða
 - með því að koma þráðlausu tengingunni á aftur.

Gangsetning (grunnstilling)

i


Mikilvægar upplýsingar um breytingar í færíbreytuvalmynd

Fagfólk ætti að annast allar breytingar í þessari valmynd, þar sem rangar stillingar geta leitt til þess að búnaðurinn virki ekki sem skyldi.

- Í færíbreytuvalmyndinni er hægt að tilgreina þær færíbreytur sem nauðsynlegar eru fyrir gangsetningu. Forstillingar frá verksmiðju eru með þeim hætti að hægt er að nota búnaðinn án þess að gera þurfi breytingar í færíbreytuvalmyndinni. Færíbreytuvalmyndin opnuð:
1. Í venjulegu skjámyndinni skal halda báðum hnöppunum S og P inni í einu í meira en 5 sekúndur.
- Hægt er að stilla eða sjá eftirfarandi færíbreytur:

n (venjulegt)	Venjuleg skjámynd (klukkan, óskhitastig, raunhitastig)
b (vinnsla)	Vinnslumáti með venjulegum ofnum, gólfhita eða þráðlausri stjórnstöð
o (offset)	Jöfnun nema til þess að jafna út byggingarleg áhrif
E (early)	Bestun kyndingar
r (ramp)	Stigull fyrir bestun kyndingar í mínútum á kelvin
S (Sumartími)	Val á stillingu fyrir sumartíma (Mið-Evrópa/Bretland)
U (Klukkan)	Leiðréttingargildi fyrir gangnákvæmni í sekúndum á dag
-	Hugbúnaðarútgáfa

Til skýringar birtist viðkomandi bókstafur í efra horninu vinstra megin á skjánum. Hægra megin stendur svo viðkomandi gildi með fjórum stórum stöfum.



Til þess að breyta viðkomandi færíbreytu skal opna hana með því að styðja á hnappinn S, færíbreytugildið blikkar.

Þegar breyting á færíbreytu er staðfest með S er sjálfkrafa skipt yfir í næstu færíbreytu í valmyndinni.

Með hnappinum P er hvenær sem er hægt að fara aftur í venjulega tímastillingu.



Breytingar í færíbreytuvalmynd

Breytingar sem gerðar eru í færíbreytuvalmyndinni eru framkvæmdar strax!

Breytingarnar taka gildi óháð því hvort valmyndinni er lokað með S eða P eða hvort skipt er sjálfkrafa yfir í venjulega skjámynd eftir eina mínútu.

Venjuleg skjámynd (n)

Með þessari færíbreytu er hægt að velja venjulega skjámynd fyrir þráðlausa hitaskynjarann. Þessar upplýsingar eru alltaf á skjánum þegar engin valmynd er opin og engar orlofsstillingar eru virkar.

- 1. Með hnöppunum + og - er hægt að velja einhvern eftirtalinnna vinnslumáta.
- 2. Hann er gerður virkur með S.

Venjuleg skjámynd	Á skjá
Núverandi tími	Uhr*
Núverandi óskhitastig	SOLL
Núverandi raunhitastig	Ist

* Verksmiðjustilling



Venjuleg skjámynd með öðrum búnaði

Þegar notuð er þráðlaus stjórnstöð og hliðrun óskgildis er virk sýnir skjárin alltaf innstillta gildið óháð því hvaða atriði voru valin fyrir venjulegu skjámyndina. Þegar óskgildishliðrunin er tekin af kemur venjulega skjámyndin aftur á skjáinn.

Vinnslumáti (b)

Með þessari færíbreytu er hægt að velja sérsniðna virkni fyrir þráðlausa hitaskynjarann. Hér er ákvarðað hversu oft þráðlausar sendingar fara fram (venjulegir ofnar, gólfhiti, þráðlaus stjórnstöð).

1. Með hnöppunum + og - er hægt að velja einhvern eftirtalinnna vinnslumáta.
2. Hann er gerður virkur með S.

Notkunarsvið	Á skjá
Venjulegur ofn, sendingar á 10 mínútna fresti	10' *
Gólfhitun, sendingar á 3 mínútna fresti	3'
Notkun með þráðlausri stjórnstöð, sendingar á 10 mínútna fresti (fyrir venjulega ofna)	F10'
Notkun með þráðlausri stjórnstöð, sendingar á 3 mínútna fresti (fyrir gólfhita)	F3'

* Verksmiðjustilling

Jöfnun nema (o)

Undir þessari færíbreytu er hægt að hliðra mælda raunhitastiginu um $\pm 3,0$ kelvín. Hægt er að nota þessa leiðréttingu til þess að jafna út þau frávik í mælningum sem koma til vegna óhagstæðrar staðsetningar þráðlausa hitaskynjarans.

1. Færíbreytan er stillt með hnöppunum + og -.
2. Færíbreytan er vistuð með S.

Verksmiðjustilling á jöfnun nema er 0,0 kelvín.

Bestun kyndingar (E)



Eiginleiki ekki virkur

Bestun kyndingar er ekki virk þegar þráðlaus stjórnstöð er notuð, þar sem þráðlausa stjórnstöðin stjórnar þá óskhitastiginu á hverjum tíma.



Aðeins fyrir herbergiskyndingu

Bestun kyndingar hentar eingöngu fyrir herbergiskyndingu. Ekki er hægt að nota þennan eiginleika fyrir aukakyndingu.

Bestun kyndingar greinir tímatengdar breytingar í rýminu út frá fyrri kyndingarferlum og notar niðurstöðu þeirrar greiningar til þess að reikna út þann virknitíma diffurhluta sem þarf til þess að ná fram óskhitastigi á réttum tíma.

Hér er hægt að kveikja (**On**) og slökkva (**OFF**) á sjálfvirkri bestun kyndingar. Þegar slökkt er á bestun kyndingar er farið í einu og öllu eftir tímastillingunni.

1. Með hnappinum + er bestun kyndingar stillt á **On** en með hnappinum - á **OFF**.
2. Stillingin er vistuð með S.

Samkvæmt verksmiðjustillingu er kveikt á bestun kyndingar (**On**).

Stigull fyrir bestun kyndingar (r)

Í þessu valmyndaratríði er hægt að sjá stigulinn sem notaður er til þess að reikna út virknitíma diffurhluta. Sýndur er sá tími í mínútum sem þarf til þess að auka hitastigið í rýminu um eitt kelvín (1 K).

Þegar kveikt er á bestun kyndingar er þessi stigull alltaf reiknaður út að nýju þegar skipt er af næturhita yfir á daghita.

Samkvæmt verksmiðjustillingu byrjar bestun kyndingar með stigulinn 15 mínútur á kelvín [min/K].

Sumartímastýring (S)

Hér er hægt að velja hvernig skipt er á milli sumar- og vetrartíma. Þráðlaus hitaskynjarinn greinir á milli Mið-Evrópu og Bretlands.

Ef slökkt er á sumartímavirkninni (OFF) er stillingu klukkunnar ekki breytt sjálfkrafa. Skal þá hafa í huga að breyta verður stillingu klukkunnar handvirk.

- 1. Með hnöppunum + og - er hægt að velja einhvern eftirtalinna vinnslumáta.
- 2. Hann er gerður virkur með S.

Stýring fyrir	Upphaf sumartíma	Lok sumartíma	Á skjá
Mið-Evrópa	Síðasti sunnudagur í mars frá 2:00 h á 3:00 h	Síðasti sunnudagur í október frá 3:00 h á 2:00 h	EU*
Bretland	Síðasti sunnudagur í mars frá 2:00 h á 3:00 h	Fjórði sunnudagur í október frá 3:00 h á 2:00 h	Gb
Slökkt	---	---	OFF

* Verksmiðjustilling

Gagnákvæmni (U)

Hér er fært inn leiðréttingargildi í verksmiðju sem tryggir að klukkan gangi með eins mikilli nákvæmni og kostur er.

Gildið stendur fyrir leiðréttingu í sekúndum á dag [s/d] og er ekki hægt að breyta því.

Hugbúnaðarútgáfa (-)

Í þessu valmyndaratríði er hægt að sjá hvaða útgáfa hugbúnaðar var síðast sett upp.



Takið hugbúnaðarútgáfuna fram

Þegar tilkynnt er um tæknileg vandamál skal alltaf taka fram hvaða útgáfa af hugbúnaði er uppsett í stýribúnaðinum.

Allar stillingar endurstilltar (Reset)

Hægt er að eyða öllum færíbreytustillingum og tímastillingum úr minni og endurstilla búnaðinn á verksmiðjustillingar:

- 1. Í venjulegu skjámyndinni skal halda báðum hnöppunum + og - inni í einu í meira en 10 sekúndur.
- 3 Stýribúnaðurinn framkvæmir þá skjá- og merkjaprófun og byrjar á stillingu klukku fyrir endurtekna fyrstu gangsetningu.

Tæknilýsing

Hitasvið:	+ 18 til + 30 °C (daghiti) + 10 til + 22 °C (dag- og næturhiti) + 5 til + 15 °C (frostvarnarhiti) + 10 til + 30 °C (notendastilling á hitastigi) - 3 til + 3 K (óskgildishliðrun þegar notuð er þráðlaus stjórnstöð)
	Hvert skref er 0,5 K
Hitanemi:	Innbyggður hálfleiðaranemi (KTY)
Aðrar stillingar:	Valmyndastýring með fjórum hnöppum
Tímastillingar:	Rafrænn tímarofi með vikustillingu og sjálfvirkri skiptingu milli sumar- og vetrartíma
Mögulegur fjöldi stillinga:	32, hægt að dreifa yfir vikuna eftir þörfum, með 10 mínútna skrefum
Varaafli:	lág. 4 tímar með Gold-Cap (þéttir, ekki rafhlaða)
Vinnsluspenna:	230 V AC, 50 Hz
Inngangsafl:	u.þ.b. 4 VA
Senditíðni:	433,42 MHz
Rafmagnstengingar:	Skrúflekmmur með sporskrúfum
Virgni skv. EN 60730-1:	1.C (engin takmarkaravirkni)
Málhöggsþenna:	4,0 kV
Óhreinindastig:	2
Leyfilegur umhverfishiti:	0 til + 50 °C
Hlíðartegund:	IP 30
Hlíðarflokkur:	II (ef uppsetning fer rétt fram)
Þyngd:	u.þ.b. 180 g

Upplýsingar um þráðlausa notkun

Þráðlausu sendingarnar fara ekki um lokaða leið og er því ekki hægt að útiloka truflanir.

Þráðlausar sendingar henta ekki fyrir öryggisbúnað á borð við neyðarstopp eða neyðarkall.

Drægi þráðlausra senda (hám. 100 m án hindrana) fer eftir eiginleikum byggingarinnar:

Þurrt efni	Í gegn
Viður, gifs, gifsplötur	u.þ.b. 90%
Múrsteinar, spónaplötur	u.þ.b. 70%
Styrkt steinsteypa	u.þ.b. 30%
Málmur, málmgrindur, álpynnur	u.þ.b. 10%

Þráðlausar sendingar

- Samtenging þessa þráðlausa búnaðar við önnur fjarskiptakerfi er einungis heimil að því marki sem lög í hverju landi leyfa.
- Ekki má nota þennan þráðlausa búnað til fjarskipta sem ná yfir lóðamörk.
- Ef búnaðurinn er notaður í Þýskalandi skal að öðru leyti fara eftir upplýsingum úr almennri tíðniúthlutun í lögbirtingablaði VfG 73/2000.
- Sé búnaðurinn notaður með réttum hætti uppfyllir hann kröfur tilskipunar 1999/5/EB um þráðlausan búnað og endabúnað til fjarskipta. Ítarlega samræmisýfirlýsingu má nálgast á vefslóðinni: www.gira.de/konformitaet.

Notkun þráðlausa hitaskynjarans er leyfð í öllum aðildarríkjum ESB og EFTA.

Ábyrgð

Ábyrgð er veitt samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast sendið tækið án burðargjalds til þjónustumiðstöðvar okkar ásamt lýsingu á biluninni:

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Service Center
Dahlienstraße 12
D-42477 Radevormwald

Gira
Giersiepen GmbH & Co. KG
Postfach 1220
D-42461 Radevormwald
Sími: +49 (0) 2195 / 602 - 0
Fax: +49 (0) 2195 / 602 - 339
Vefslóð: www.gira.com

GIRA